

OSKAR HALLDÓRSSON

SÖGUSAMÚÐ OG STÉTTIR

Íslendingasögur eru félagslegar bókmenntir, þar eð þær fjalla um margvísleg samskipti mjög margra manna. Þótt kjarni þeirra séu deilur einstaklinga, eigast aðiljar sjaldan einir við, sumpart af því, að þeir leita sér fulltingis annarra, sumpart af hinu, að réttarsamfélag grípur í taumana. Leiðir af þessu, að oft verða margir við málið riðnir, áður en því er lokið, svo að sögurnar verða breiðar og spanna í heild allar stéttir hins forna þjóðveldis; fyrir kraft þeirra hefur mynd þess, rétt eða röng, orðið lifandi.

Þrátt fyrir þetta er félagshyggja fremur takmörkuð í sögunum, en einstaklingshyggja að sama skapi ríkjandi. Og fjarri fer, að þær séu hlutlausar skýrslur um bardaga og málaferli. Listareðli sagnanna krefst stílfærslu, sem ekki kemst af án andstæðna, en þær koma ekki hvað sízt fram í höfundarafstöðu, þ.e. samúð með sumum deiluaðiljum, en andúð á öðrum. Í mannlýsingunum koma því fram bæði bjartir og dökkir litir, þótt margir séu blandaðir.

Orsakir höfundarafstöðunnar eru fleiri og flóknari en svo, að þeim verði gerð skil í stuttu erindi sem þessu. Hér verður aðeins reynt að athuga, hvort sögusamúðin - og andúðin - eru að meira eða minna leyti stéttbundin fyrirbæri eða eiga sér aðrar forsendur. En jafnvel þótt efnið sé takmarkað með þessum hætti, er könnun mín engan veginn tæmandi, heldur byggð á nokkrum sögum, eins og síðar kemur í ljós.

Áður en ég vík að sögunum sjálfum, vil ég drepa á tvær skoðanir á þessu efni, sem nýlega hafa komið fram. Árið 1970 birti Lars Lönnroth grein í Bonniers litterära magasin, þar sem hann fullyrðir, að sögurnar séu yfir- stéttarþóknar, "dikt i överklassens tjänst," og þjóni þeim tilgangi að varpa ljóma á höfðingjastéttina.<sup>1)</sup> Og hann leggur megináherzlu á innrætingu sagnanna í þessu skyni. Þess sé gætt að skapa samúð með þeim, sem betur mega, en um hina sé að sama skapi lítið skeytt. Um af- stöðu sagnanna til utangarðsmanna í samfélaginu farast Lönnroth svo orð: "Någon sympati med den alienerade out- sidern skall man inte vänta sig att finna i sagornas värld".

Í annan stað hefur Bjarni Einarsson leitt rök að jafnréttishugsjón í sögunum og bent á, að enda þótt þær fjalli um ójöfnuð, búi að baki hugsjónin um jafnan rétt allra frjálsra manna. Þessa réttar varð að reka, ef á hann var gengið. Bjarni telur, að þessi grundvallarhug- mynd um jafnrétti eigi rætur í þeirri þjóðfélagsgerð, sem þróaðist hér í öndverðu, og hafi hún lifað fram á dag sagnaritaranna þrátt fyrir eflingu innlends höfð- ingjavalds og áhrif frá ólíkum þjóðfélagshugmyndum megin- landsins.<sup>2)</sup>

Rétt er að taka þegar fram, að hið forna lagaákvæði um jafnan bótarétt náði ekki til þræla og gat því ekki stuðlað að jafnréttisafstöðu til þeirra. Þrælar voru þó ekki með öllu réttlausir. Þeim var leyft að eiga nokkra eign; þeir áttu rétt til bóta fyrir sumar misgerðir, t.d. högg, er olli lyti; þeir máttu stofna til hjúskapar, og væri gengið á rétt kvenna þeirra, þótt ambattir væru, áttu þeir rétt til hefnda. En þrátt fyrir þetta sýna sög- urnar allglögg stéttaskil milli þræla og frjálsra manna, þegar undan er skilið vinnu- og göngufólk. Sögurnar eru

1) Indoktrinering i den isländska sagan. BLM nr 10 1970.

2) Öprentaður fyrirlestur fluttur í Odense í apríl 1973.

aristókratiskar í þeim skilningi, að líf hinna lægstu stéttar er aldrei uppstaðan, heldur er höfuðefni hverrar sögu atburðir úr lífi frjálsra manna, einkum höfðingja og vel stæðra bænda. Hæpið væri þó að álykta, að þetta stafaði af stéttarvitund sagnaritaranna einni saman. Eftirlætisviðfangsefni þeirra voru meiri háttar öldur, sem risið höfðu í þjóðlífi sögualdar, en slíkur órói gat síður staðið af smælingjum en höfðingjum, og ættu smælingjar í hlut, hlaut fyrr eða síðar að koma til kasta höfðingja að koma á sáttum eða standa fyrir málaferlum.

En þó að réttur allra frjálsra manna væri jafn samkvæmt lögum, hefur gæzla hans gengið misjafnlega, þar sem alls herjar framkvæmdarvald skorti. Og réttarskerðingu fylgdi vansæmd og óvirðing. Islendingasögur eru fullar af manngreinaráliti, sem vitnar um raunverulega stéttaskiptingu frjálsra manna. Við stofnun hjúskapar fer oft og tíðum fram eins konar mat á þjóðfélagsstöðu manna og persónulegum verðleikum; getið er um mannvirðingar, ætterni, auð og það, hve viðkomandi er vel að sér ger. Í veizlum er mönnum ræðað eftir mannvirðingum. Í Sturlungu eru svipaðar frásagnir um þessi atriði.

Þrátt fyrir mannfjölda í flestum Islendingasögum eru menn að jafnaði nafngreindir, oft einnig sögð á þeim nokkur deili og lýsing sniðin eftir þörfum frásagnar. Þetta nær einnig til hinna lægstu stéttar. Athyglisvert er, að menn ræðast einatt við sem jafningjar, jafnvel þrell getur svarað höfðingja fullum hálsi.

Í miðaldabókmenntum meginlandsins opnast annar heimur. Atókin eru sterri, stórstyrjaldir og landvinningar, útópísk ævintýri. Öll stéttamörk eru skarpari. Í riddarasögum eru annars vegar idealiseraðir höfðingjar og hefðarfrúr, þar sem aldrei sést kartnógl á fingri, en umhverfis er einkennalaus skari, nafnlaus og sögulaus. Þótt stéttaskipting sé greinileg í Islendingasögum, er hún gerólík þeirri, sem hér um ræðir. Samt er þar fjöldi einstaklinga, sem höfundar sagnanna taka litla afstöðu til. Hér er um að ræða fólk, sem kemur lítið við sögu eða tekur ekki

frásagnarverða arstöðu sjálf. Verður að minnast þeirrar meginreglu sagnanna að takmarka lýsingar við þarfir aðalfrásagnar, svo að af þessu verður lítil ályktun dregin um sögusamúð eða andúð. Hin hlutlæga stílsteirna og hófstilling hinna fornu sagnameistara blandar einnig oft sögusamúðina og dregur fram mismunandi sjónarmið. Hetjan, sem alltaf á einhverja samúð lesandans, er síður en svo flekklaus (Egill, Gunnlaugur ormstunga, Kjartan Ólafsson, Grettir), og á sama hátt má mjög oft finna eitthvað, sem bætir hlut þeirra, sem sagan er andvíg (Hildiríðarsynir í Eglu, Hrappur og Mörður í Njálu). En því meir sem höfundur víkur frá hlutlægni til huglægni í túlkun sinni, þeim mun auðgreindari er að jarnaði sögusamúð hans.

Hér á eftir mun ég nú í nokkrum orðum víkja að þeim frásagnareinkennum, sem ég hef aðallega haft til marks um sögusamúð.

Í fyrsta lagi skal nerna kynningu eða frumlýsingu persónunnar. Hér er hlutlægnisreglan iðulega brotin og höfundur leggur huglægt mat eða dóm á söguhetju sína. Lýsing Njáls er á þessa lund:

Hann var vel auðigr at ið ok vænn at álitu, en sá hlutr var á ráði hans, at honum óx eigi skegg. Hann var lögmaðr svá mikill, at engi fannsk hans jarningi, vitr var hann ok forspár, heilráðr ok göðgjarn, ok varð allt at ráði, þat er hann røð mǫnnum, hógværr ok drenglyndr, langsýnn ok langmínnigr; hann leysti hvers manns vandræði, er á hans fund kom.(1)

Annarri sögupersónu sinni lýsir Njáluhöfundur svo:

Skammkell hét maðr; hann bjó at Hofi þöru; hann átti vel ið. Hann var illgjarn ok lyginn, óðell ok illr viðreignar. Hann var vinr Otkels. (2)

Stundum áréttar höfundur mat sitt síðar, annaðhvort með eigin orðum eins og í upphafi eða hann skírskotar til

(1) Brennu-Njáls saga. Islensk fornrit XII, bls. 57.

(2) Sama 120.

almenningsálits. Ákveðin innræting felst einnig í orðum einnar sögupersónu um aðra. Þannig lætur Njáluhöfundur Gizurr hvíta staðfesta einkunn Skammkels: "...en þó hefi ek þik sét illmannligstan mann, ok eigi deilir litr kosti, ef þú gefsk vel".<sup>1)</sup>

Í öðru lagi skiptir sjónarhorn frásagnarinnar (point of view) meginmali fyrir samúð sögunnar. Lesandi fær samúð að öllum jafnaði með persónu, ef hann kynnist málefnunum frá sjónarhóli hennar, fylgist með henni og heyrir hana túlka málstað sinn. Hér má ekki gleyma þeirri tilfinningatjáningu, sem felst í vísunum.

Í þriðja lagi má greina samúðina af inntaki sögunnar í heild, þegar tekin hafa verið til athugunar hin margvíslegu atvik og samspil þeirra. Höfuðmáli skiptir aðstaða persónunnar, valkostir hennar og loks breytni.

Þessi stutta greinargerð verður að nægja hér, en í annan stað beinist könnun mín að þjóðfélagsstöðu persóna, einkum aðalpersóna í nokkrum sögum. Jafnframt verður að hyggja að ætterni og efnahag. Þá verður ekki hjá því komizt að taka mið af þeim siðferðisboðskap, sem lesa má útúr sögunum, og loks verður að hafa í huga íslenskt þjóðfélag og menning, eftir því sem um er kunnugt bæði frá þjóðveldisöld og ritunartíma sagnanna.

Eins og ég vék að áðan, kemur afstaða höfunda misjafnlega ljóst fram í sögunum. Greinilegt höfðingjaviðhorf verður ríkjandi í sögum, sem fylgja sömu ætt í marga liðu (Vatnsdæla saga, Egils saga, Laxdæla saga). En annars er ætlun mín að ræða um tvær ólíkar gerðir sagna, sem sýna að sögusamúðin er af mismunandi toga spunnin.

Í sumum sögum er líkast því sem höfundur horfi yfir söguviðið úr svo mikilli hæð, að hann fær áþekka sýn til allra deiluaðilja. Hann metur atferli hvers og eins af skilningi og skýrir það án verulegrar ástriðu eða tilfinningasemi. Í þessum sögum kemur fram félagslegt raunsæi og skilningur á vanda höfðingjans, þótt hann þurfi ekki að eiga óskoraða samúð lesanda. Af þessu

1) Íslensk fornrit XII, bls. 129.

tagi eru Eyrbyggja, Hrafnkels saga og Bandamanna saga þrátt fyrir margháttaða sérstöðu hinnar síðastnefndu. Þessar sögur sýna mætur á "ráðagerðarmanninum" og hann er hinn sterki í þeim öllum (Snorri goði, Hrafnkell Freysgoði, Þorgeir Þjóstarsson, Ófeigur Skíðason). Hitt er annað mál, að höfundarnir taka sér ekki stöðu við hlið þessara manna nema helst hins síðastnefnda, og á sumu atferli Hrafnkels og Snorra fær lesandi andúð. Þjóðfélagsskoðun þessara sagna kemur m.a. fram í afstöðunni til uppivöðslumanna og óaldarseggja. Sáumur Bjarnason í Hrafnkels sögu var... "uppivözlumaðr mikill"., og í frásögn Eyrbyggju af skiptum Snorra goða og Óspaks Kjallakssonar, sem sat yfir hlut smælingja norður í Bitru, ríkir samúðin með höfðingjanum, sem eyðir flokki ofbeldismannsins.<sup>1)</sup> Þakifæri til að róma garpskap Óspaks lætur söguhöfundur hins vegar ónotuð. Sama máli gegnir um sonarson hans og nafna, Óspak Glúmsson í Bandamanna sögu. Hann verður útlagi fyrir afbrot sín og sagan gerir enga tilraun til að verja málstað hans né varpa ljóma á hreysti hans, heldur lætur hann deyja smánarlegum dauða. Ekki verður höfundur Bandamanna sögu þó sakaður um samúð með höfðingjum. Hann skrifar ekki sögu til að útmála örlög einstaklinga, heldur ræðst á höfðingja sem stétt og jafnframt á þá brotalóm í réttarfari, sem víða má greina í sögunum, þegar lítilvæg formsatriði í málalíbúnaði eru látin vega meira en eðli málsins.<sup>2)</sup> W.P. Ker hefur haldið því fram, að Bandamanna saga skýri innra eðli þeirrar hnignunar höfðingjastéttanna og fall, sem opinberast í Sturlungu.<sup>3)</sup> Skoðun hans fær stuðning af niðurstöðu Gunnars Karlssonar, að höfðingjar hafi verið févana um miðja 13. öld og völdum þeirra ógnað af uppgangi stórbænda.<sup>4)</sup>

1) Vésteinn Ólason: Athugasemdir um Eyrbyggju. Skírnir 1971.

2) H. Magerøy: Studiar i Bandamanna saga. Bibl. Arn. XVIII.

3) W.P. Ker: Epic and Romance 1908.

4) Gunnar Karlsson: Goðar og bændur. Saga 1972.

Svipuð söguhneigð og ában var lýst kemur vitaskuld víðar fyrir, en í misjöfnum mæli. Nefna mætti konungasögur Snorra og Egils sögu. En víða hjá Snorra gegnir hetjuhugsjónin meira hlutverki en í þeim þrem sögum, sem áður var vikið að, og sögusamúðin<sup>97</sup> breytileg eftir því, hver hlið málsins er áregin fram. Þótt Snorri hafi sett saman sögur af höfðingjum, getur samúðin snúist á sveif með smelingjanum, sbr. frásögn Eglu af Þorgerði brák.

Næst mun ég víkja að annarri gerð sagna, sem er næsta ólík hinn fyrri um sköpun sögusamúðar. Tek ég þar dæmi af útlagasögunum þremur, Gísla sögu, Grettis sögu og Harðar sögu, en auk þeirra Hávarðar sögu Isfirðings og Njálu.

Engum, sem Gísla sögu les, mun dyljast, að sögusamúðin fylgir honum frá upphafi, en verður því minni með systkinum hans, eftir því sem þau fjarlægjast hann meir. Af öðrum aðalpersónum sögunnar eru þeir mestir höfðingjar Þorgrímur og Börkur Þorsteinssynir þorska-bíts á Þórsnesi, ennfremur er Eyjólfur hinn grái Þórðarson (gellis) talinn til stórmenna (15. kap). Meðal höfðingja, sem minna koma við sögu, eru þeir Þorkell Þórðarson í Alviðru, Þorkell Eyjólfsson og Gestur Oddleifsson. Þau systkin, Gísli, Þorkell og Þórdís, eru vel ættuð og virt, þegar saga þeirra hefst. Þau eflast vegna vináttu og tengda við stærri höfðingja, unz Gísli verður sekur og um leið réttláus. Söguafstaðan til þeirra sex höfðingja, sem áður voru nefndir, stendur í réttu hlutfalli við afstöðu þeirra til Gísla. Aðalandstæðingur hans, Börkur hinn digri, hefur þó í rauninni ekki annað til saka unnið en að reyna að koma lögum yfir morðingja bróður síns. Athyglisvert er, að Gísli fer árangurslaust um allt land, hittir höfðingja og biður sér liðs. Jafnvel vinir hans, Þorkell auðgi og Þorkell Eiríksson, þorðu einungis að ... "skjóta skjóli yfir hann með þeim hatti, at þeir létu eigi fé sitt fyrir þá sök." <sup>1)</sup> Á

1) Gísla saga Súrssonar. Íslensk fornrit VI, bls. 68.

Þessu finnur sagan enga aðra skýringu en tröllskap Þorgríms nefs og horfir þannig framhá þeirri frumskyldu höfðingja að geta laga og réttar. Samúð Gísla sögu er þannig með þeim, sem honum eru nákomnastir og halda við hann tryggð, snúast ekki á sveif með óvinum hans. Þar ber Auði, konu hans, og Ingjald í Hergilseyrhæst, enda hafa skipti þeirra við óvini Gísla orðið mörgum hugstæð. Þeir sem leggja sig í hættu vegna Gísla eru ekki höfðingjar, heldur óbreytt bændafólk og þjénustufólk allt til hinnar lægstu stéttar, sbr. liðsemd Bóthildar, sem var ambátt Ingjalds í Hergilsey.

Svipuð lögmál samúðar og andúðar gilda í Grettis sögu. Hann bryzt úr skorðum þjóðfélagsins vegna verka, sem eiga ratur í skapbrestum hans, en sagan er honum trygg og vermir þá sem duga honum. Grettla er þó ekki eins köld í garð höfðingja og hinar útlagasögurnar, enda þótt einn þeirra, Þorir Skeggjason í Garði, stæði fyrir sekt hans og ofsekti löngum. Nokkru skiptir, að Skapti Þoroddsson lögsögumaður og Snorri goði lögðu honum liðsyrði á þingi, þótt þeim tækist ekki að koma í veg fyrir sekt hans né fá hann sýknaðan. Þá má nefna skörungsskap Þorbjargar digru, er hún barg Gretti, og loks orðstír þann, er Þorgils Arason á Reykhólum gat sér með því að halda sakamenn. Sést af þessu, að samúð Grettlu er ekki stéttbundin, en akvarðast af afstöðunni til skógarmannsins.

Aðalandstæðingur Harðar Grímkelssonar er móðurbróðir hans, Torfi Valbrandsson. Um hann segir Landnámabók:

Torfi drap Kroppsmenn tólf saman, ok hann réð mest fyrir drápi Hólsmanna, ok hann var á Hellisfitjum ok Illugi enn svartí ok Sturla goði, þá er þar váru drepnir átján Hellismenn, en Auðun Smiðkels-son brenndu þeir innhí á Þorvarðsstöðum. (1)

Vera má, að höfundur þessarar greinar, Sturla Þórðarson, hafi hér stuðzt við Harðar sögu, en víst er það ekki. Um Kroppsmenn er ekkert vitað. Í heild virðist greinin vitna um óvenjulegan skörungsskap eins höfð-

(1) Landnámabók. Islensk fornrit II, bls. 75.



ingja við að koma óaldarmönnum fyrir kattarnef. En ekki hefur höfundur Harðar sögu kunnað að meta framtakssemi hans, að því er varðar Hólmsmenn, þótt hann leggi áherzlu á rán þeirra og fjölmenni. Sagan er öll á bandi Harðar og þeirra, sem fylgdu honum fastast. Í sögulok er það m.a. haft til marks um ágæti hans, að fleiri menn voru drepnir í hefnd eftir hann en nokkurn mann annan á Íslandi. "Ok urðu þeir allir ógildir".<sup>1)</sup>

Eðlilegt er að spyrja, hvers vegna áður nefndar útlagasögur taki svo eindregna afstöðu með brotamönnum gegn þjóðfélaginu og forsvarsmönnum þess, þegar í odda skerst með þessum aðlijum. Svar mitt er: Þetta eru hetjubókmenntir, allir útlagarnir eru afburðamenn, svo að líklegast er, að hér lifi hetjuhugsjón víkingaaldar. Samfara henni er áhugi á harmsögulegu efni eins og í hetjukvæðum eddu. En af hvoru tveggja leiðir, að söguafstaðan verður tilfinningaleg fremur en röklæg.

Hávarðar saga Ísfirðings bregður upp mynd af viðureign bónda við höfðingja, sem heytir þjóðfélagsstöðu sinnar til að beita aðra yfirgangi og ójöfnuði. Þorbjörn Þjóðreksson hafði góðorð um Isafjörð og er ætt hans kunn af Landnámabók. Þorbjörn vegur Ólaf Hávarðarson, ungan mann og efnilegan, og eru eftirmál vígsins uppistaða sögunnar. Hávarður karl, faðir Ólafs, er þingmaður Þorbjarnar, hniginn á efra aldur, þegar þessir atburðir verða. Hann gerir tvær árangurslausar tilraunir til að reka réttar síns og liggur þrjú ár í rekkju, þar til hann loks hefst handa um hefndir fyrir áeggjan konu sinnar. Verður hann þá sem ungur í annað sinn, fellir Þorbjörn og bræður hans tvo auk fleiri fylgdarmanna.

Í byggingu og mannlýsingum Hávarðar sögu gætir áhrifa frá ævintýra- og hetjurómantik. Mestu máli skiptað magna spennu og áhrif, enda tekst það mætavel. Höfundur tekur sér stöðu við hlið hetjunnar, sem hefur þar að auki lög og rétt sín megin. Persónur sögunnar skipt-

1) Harðar saga. Editiones Arnarnagnæanæ, series A, vol. 6, bls.178.

ast í vonda og góða eftir afstöðu til aðaldeiluaðilja. Kemur það skýrast fram í lýsingu Atla hins litla, auðugs bónda í Otradal, sem umbreyttist við liðveisluna við þá Hávarð og vasklega framgöngu. Aður var hann ..."inn mesti vesalingr" og einþykkur nirfill, en á eftir kallar sagan hann hinn hraustlegasta og besta dreng og lætur hann fá almenningsorð.<sup>1)</sup> Hávarður berst fyrir sæmd, en ekki völdum og þess vegna er bjart yfir sögulokunum, enda þótt Hávarður og félagar hans hafi í rauninni þunga hlut af eftirmálunum, svo sem venta mátti. Hávarður er gerður héraðsrækur og verður að setjast að í afdal í öðrum landsfjórðungi.

Brennu-Njáls saga er lengst allra Íslendingasagna og jafnframt auðugust að efni. Í mannlífi hennar sjáum við þverskurð þjóðfélagsins allt frá völdugustu höfðingjum niður í farandfólk og þræla. Þótt höfundur Njálu sé meistari í meðferð hins hlutlæga sagnastíls, er hann að jafnaði fjarri hlutleysi í atburða- og mannlýsingum, og hafa ýmsir á það bent.<sup>2)</sup> Afstaða hans til aðalpersóna er ljós í meginatriðum: Fjölskyldan á Bergþórshvoli og Gunnar á Hlíðarenda eru hans fólk. Njála er full af víkingaaldarómantik og vitsmunadýrkun ýmist í anda Háva-mála eða kristianar menningar. Gunnar er æðsti fulltrúi hefðbundinnar hetjuhugsjónar eftir Sigurð Fáfnisbana. Njáll er persónugervingur djúphyggjunnar, sem er aðal ráðagerðarmannsins. Samt er Njáll ekki höfðingjahugsjónin holdi klædd, enda þótt hann sé mesti lögvitringur landsins, enda hefur hann ekki mannaforráð og beitir vitsmunum sínum einungis til að rétta hlut ættingja og vina, jafnvel þótt málstaður þessa fólks sé stundum harla vafasamur. Og hann heyr enga baráttu fyrir eigin völdum né ættmenna sinna. Saga hans er þannig ekki skrifuð frá sjónarhóli landstjórnarmanns eins og Eyrbyggja og Hrafnkels saga.

Deiluaðiljar í Njálu eru yfirleitt jafningjar að því er þjóðfélagsstöðu varðar. Þó virðist að jafnaði

1) Hávarðar saga Ísfirðings. Íslensk fornrit VI, bls.342 og 355.

2) Einar Ól.Sveinsson: A Njálsbúð. L. Lönnroth BLM nr 10 1970

samúðin með þeim, sem eiga heldur upp fyrir sig að sækja. Mörður gígja er fullt eins voldugur höfðingi og Hrútur Herjólfsson, Kirkjubæingarfjafnast fyllilega á við Gunnar að auði og ætterni, Sigfússynir við Njálssonu, Hallgerður við Bergþóru og loks Flosi við Asgrím Elliða-Grímsson. Þennan herzlumun jafnar eftirlætisfólk sögunnar með persónulegum yfirburðum, þar til röðin kemur að Flosa. Sést af þessu og mörgu öðru, að höfundur Njálu er meir haldinn hetjudýrkun en höfðingjapólitík, þótt hennar gæti einnig, eins og síðar verður vikið að. Og hér fer sem víðar í sögunum, þar sem hetjuhugsjonin er ríkari en félagshyggjan, að samúðin fylgir í meginatriðum þeim, sem veita afreksmönnum. Hins vegar hygg ég, að Lars Lönnroth skjáttlist í meginatriðum, er hann telur í áburnefndri grein, að sögusamúð Njálu sé bundin höfðingjastétt á kostnað þeirra, sem lægra eru settir. Hann bendir réttléga á hlutdrægni söguhöfundar, er hann lýsir annars vegar húskarlavígum eins og lítið sé um að vera í samanburði við hin dramatísku örlög aðalpersóna sögunnar. Hitt sést Lönnroth yfir, að í Njálu er mörgum meiri háttar manni kálað án þess að rótað sé við tilfinningum lesandans, og dæmin sem hann velur eru alltof handahófskennd. Nærtækt væri t.a.m. að bera saman ævilok þeirra feðga Þráins Sigfússonar og Höskulds sonar hans. Þegar Lönnroth ber víg Höskulds saman við víg Kols Þorsteinssonar, gætir hann þess ekki, að Njála túlkar Kol sem höfðingja. Hann var bróðursonur Síðu-Halls og afkomandi Hrollaugs Rögnvaldssonar, jarls af Mæri, eins hins ættgöfugasta landnámsmanns. Hitt skiptir höfuðmáli, að drápi brennumanna er lýst án samúðar í Njálu, enda þótt þeir hefðu hefnt Höskulds, væru í röð betri bænda og komnir af höfðingjum. Andúðin á Kol er þannig ekki þjóðfélagsleg, heldur magnast hún af því, að hann "hafði mest hæðyrði við af brennumönnum".<sup>1)</sup>

Loks er óhjákvæmilegt að kanna afstöðu Njáluhöfundar

-----  
1) Islensk fornrit XII, bls.461.

til þeirra, sem þar reynast æðstir valdsmenn eða eru túlkaðir svo. Skal ég fyrst víkja að tveimur stórhöfðingjum, sem báðir standa utan við meginatburði sögunnar heima í héraði, en taka afstöðu til þeirra á alþingi. Það eru þeir Guðmundur ríki Eyjólfsson á Möðruvöllum og Skafti Þóroddsson lögsögumaður. Guðmundi er lýst sem mikilmenni. Efir rækilega og virðulega ættfærslu er þess getið, að frá honum væri komið... "allt í mesta mannaval á Íslandi".<sup>1)</sup> Í heild virðist lýsing Guðmundar stefna að því að sýna, að hér fór maður, sem munaði um. Og þegar hann hefur tekið eindregna afstöðu með Njálssonum, eftir að hann hafði heyrt um skipti þeirra Skarphéðins og Þorkels háks, birtist aðdáun sögunnar í orðum Asgríms: "Ólíkr er Guðmundr flestum höfðingjum".<sup>2)</sup> Í Ljós-  
vetninga sögu, sem er aðalheimild um Guðmund og Njál-  
höfundur mun hafa þekkt, skortir hann hins vegar glæsi-  
mennsku og sjálfstæði og hlýtur litla samúð.

Skafti Þóroddsson var lögsögumaður 27 sumur (1004-1030), og gegndi enginn þeirri virðingarstöðu svo lengi. "Hann setti fimmtardómslög", segir Ari. "Á hans dögum urðu margir höfðingjar ok ríkismenn sekir eða landflóttar of víg eða barsmiðir af ríkis sökum hans ok landsstjórn".<sup>3)</sup> Orð Ara hafa verið skilin svo, að Skafti hafi átt írumkvæðið að þessari lagasetningu.<sup>4)</sup> Njálhöfundur gefur Njáli hins vegar dýrdina. Meira máli skiptir þó, hvernig Ljós sögunnar fellur á Skafta, eftir að hann hefur neitað Asgrími um liðsinni við Njálssonu. Sú lýsing nær hámarki í bardaganum á alþingi:

Þeir Asgrímr ok hans menn gingu þar þá at neðan. Þórhallir mælti: "Þar er hann Skapti Þóroddsson nú, raðir," segir hann. Asgrímr mælti: "Sé ek þat, írændi," - ok skaut hann þegar spjoti til Skapta, ok kom fyrir neðan þat, er kálfi var digrastr, ok stóð í gegnum báða fœtrna; Skapti feill við skotit ok fékk eigi upp staðit; fengu þeir þat eina ráðs tekit, er hjá váru, at þeir drógu Skapta í flatan inn í búð sverð-

1) Íslensk fornrit XII, bls. 285.

2) Sama bls. 306.

3) Íslendingabók. Íslensk fornrit II bls. 19.

4) Jakob Benediktsson, sjá Íslensk fornrit II, bls. 19nmg.

skriða nökkurs.<sup>1)</sup>

Hér er Skafti rúinn virðingu og gerður hlægilegur. Og síðan er niðurlæging hans áréttuð með orðaskiptum þeirra Kára (hvort sem Kári hefur kveðið þær vísur eða ekki), þar sem Skafta er brugðið um ragmennsku. Þá tilfærir höfundur háðkviðling Snorra goða un ófarir Skafta og klykkir út með orðunum: "Hlógu menn nú allmjök".<sup>2)</sup>

Þessi hlátur, sem þingheimur gerir að Skafta lögsögu-  
manni, verður enn sárari auðmýking, þegar þess er gætt,  
að honum er skotið inn í dramatiskan hápunkt sögunnar.  
Þegar hann þagnar, heldur Hallur af Síðu áfram ræðu um  
sættir og býst til að leggja Ljót, son sinn, ógildan.

Að endingu verð ég að minnast ögn á þá stórhöfðingja  
tvo, sem mest eru flæktir í stóratburði Brennu-Náls sögu,  
þá Mörð Valgarðsson og Flosa Þórðarson, en tímans vegna  
verður stiklað á stóru. Þótt Mörður sé goðorðsmaður um  
Rangárbing og voldugri að landslögum en Gunnar frændi  
hans og Njáll, er hann eins konar skuggavera og aðalböl-  
valdur sögunnar. Lýsing hans í upphafi... "slægr maðr í  
skapferlum, illgjarn í ráðum",<sup>3)</sup> sem höfundur áréttar  
síðar, fá fulla staðfestingu í öllu atferli hans. Hetju-  
arístaða Njálu kemur hvergi betur fram en í obeit hennar  
á manhrakinu, sem öfundaði hetjurnar og vildi þær feig-  
ar. Hér bjargar það litlu, þótt maðurinn hafi fortölu-  
hæfileika og kunni talsvert í lögum, hvort tveggja er ein-  
ungis nauðsynlegt vegna þess hlutverks, sem hann fer með  
í sögunni.

Kunnugt er, að ýmsir hafa lesið Njálu í fyrsta sinn  
með andúð á Flosa, einkum unglingar og óþroskaðir lesend-  
ur. Hann gerði að engu vonir hinna góðgjarnari manna um  
sættir eftir víg Höskulds, Hann tók ákvörðun um aftöku  
Njálssona, og hann fullnægði þeirri ákvörðun með því að  
brenna einnig inni Bergþóru, Njál og Þórð Kárason auk 5  
annarra heimamanna. Í fljótu bragði virðist hann eiga

1) Islensk fornrit XII, bls. 406-7.

2) Sama, bls. 411.

3) Sama, bls. 70; sjá einnig bls. 119.

skilið sams konar andúð og aðrir mótgangsmenn Njáls og og sona hans. Ekki þarf þó að lesa Njálu mjög vandlega til að skilja, að höfundarafstaðan er ekki á þessa lund. Í klassískri epík hefur hetjan að jafnaði verðugan andstæðing og svo verður einnig í Njálu, eftir að Flosi kemur til skjalanna. Aður eru hetjurnar oftast andspenis alls kyns vélræðum vondra manna, flestra lítilsigldra; Nú hverfa öll ráð undir eitt stórmenni án þess þó að skyggt sé á hina fyrri aðreksmenn né sagan afneiti hetjuhugsjón sinni. Þennan vanda leysir Njáluhöfundur með því að sameina í lýsingu Flosa og atferli annars vegar höfðingjahugsjón(13. aldar?) og hins vegar hetjuanda sögunnar. Sem höfðingi vill hann setja niður deilur án þess að til eftirmála komi; sem hetja vill hann berjast, þar til... "hvárir hníga fyrir þórum".<sup>1)</sup> Hann reynir sáttaleiðina til þrautar, þar til grunur hans vaknar um brodd óvirðingar. Eftir það velur hann hiklaust hinn hettulegri kost og framkvæmir ætlan sína hvað sem hún kostar. Í þeim á-tökum birtist stórbrotin maungerð og miklir skapsmunir. Eftir ætlunarþörf beitir Flosi jöfnum höndum vitsmunum, hörku og seiglu, en í geði hans er stórstreymi góðs og illis, er hann heimsekir Ásgrím í Tungu og treður illsakir við hann, en virðist á samri stundu gera sér ljóst, að hér er um niðingsverk að ræða.<sup>2)</sup> En þetta er undantekningin frá reglunni um drengskap Flosa. Hann er ekki rómantísk hetja sjálfur, en hins vegar sami aðdáandi Gunnars og Kára og höfundur Njálu. Að sama skapi hefur hann litlar mætur á svæsnustu óvinum Njálssona. Í lýsingu Flosa nálgast Njála þær sögur, sem líta á mannlífið frá sjónarhóli ábyrga stjórnenda.

Af dæmum þeim úr Íslendingasögum, sem hér hafa verið dregin saman, er ekki unnt að álykta, að stéttaskipting sé undirstaða sögusamúðar. Hit virðist vega þyngra, að sögupersónan sé gædd einhverjum þeim eiginleika eða eiginleikum, sem metnir hafa verið til mannkosta á þjóðveldisöld. Virðist hetjuhugsjónin þyngst á metunum, en víða kemur einnig fram höfðingjahugsjón, sem er allólík hinni án þess þó að þurfa að vera andstæða hennar. Veldur þetta ólíkum hugblæ í sögunum.

1) Íslensk fornrit XII, bls. 315.

2) Sama, bls. 359-61.